

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2023 – Fundargerð

Fundur haldinn í Gullteig B, Grand Hótel Hótel Reykjavík, þann 30. mars 2023 kl. 17:15 og í beinu streymi á heimasíðu sjóðsins.

Hulda Rós Rúriksdóttir, formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:17 og gerði tillögu um að Grétari Má Ólafssyni, lögmanni, yrði falið að stýra fundinum. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók því næst til starfa og gerði tillögu um að Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri hjá sjóðnum, yrði fundarritari. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkt vera boðaður með minnst 14 daga fyrirvara. Upplýsti hann að fundurinn hefði verið formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 6. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Viðskiptablaðinu 15. og 16. mars. sl.

Fundarstjóri upplýsti um dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2022 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar: Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði sameinaðar um dagskrárlið eitt til þrjú. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillöguna.

Fundarstjóri kynnti fyrsta dagskrárlið, og bauð Huldu Rós Rúriksdóttir að taka við.

1. Skýrsla stjórnar

Hulda Rós Rúriksdóttir, formaður stjórnar tók til máls.

Hulda byrjaði á að nefna ávöxtun síðasta árs en eftir miklar hækkanir á verðbréfamörkuðum undanfarin ár varð viðsnúningur á árinu 2022 og var þróun óhagstæð fjárfestum. Lækkun var á öllum helstu mörkuðum og endurspeglast það í ávöxtun safna sjóðsins á árinu sem var á bilinu -6,5% til 9,4%. Bent var á ávöxtun árána á undan hafi verið mjög há, fyrst og fremst vegna lækkunar á markaðsvöxtum sem leiddu til mikillar hækkunar á flestum eignamörkuðum.

Því næst vék Hulda að því að á árinu 2022 voru innleiddar nýjar líftöflur við mat á skuldbindingum samtryggingardeildar. Með þeim er reiknað með hækkandi lífaldri komandi kynslóða og að sjóðfélagar lífi lengur en áður var reiknað með. Breyttar forsendur um lífaldur auka skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka. Á árinu voru innleiddar breytingar sem voru samþykktar á síðasta ársfundi og fela í sér mótvægisáðgerðir vegna nýrra líftaflna.

Hulda vék að umræðu um hlutverk lífeyrissjóða en forráðamenn Seðlabankans hafa um nokkurt skeið varpað fram alls kyns hugmyndum um lífeyrissjóðina og starfsemi þeirra. Seðlabankastjóri hefur ítrekað tjáð sig um lánveitingar til sjóðfélaga og vill lífeyrissjóði af íbúðalánamarkaði. Þau rök sem hafa verið nefnd fyrir þessari breytingu eru að án beinna lánveitinga lífeyrissjóða yrði peningastefna Seðlabankans virkari. Þá hefur verið ýjað að því að þekking á lánveitingum innan lífeyrissjóðanna væri minni en hjá

bönkunum. Sjóðirnir hafa stundað lánveitingar í áratugi með góðum árangri og hjá þeim eru til staðar þrautreyndir verkferlar og þekking meðal starfsmanna.

Jafnframt hefur komið fram hugmynd um að „brjóta upp lífeyriskerfið“ með því að aðgreina viðbótarlífeyrissparnað frá skyldusparnaði. Rökin fyrir þeirri tillögu eru að viðbótarlífeyrissparnaður lífeyrissjóða valdi vandamálum varðandi stjórnarhætti. Viðbótarlífeyrissparnaður varð upphaflega til á vettvangi lífeyrissjóðanna og fellur vel að starfsemi þeirra. Aðskilnaður viðbótarlífeyrissparnaðar frá lífeyrissjóðum hefði lítil sem engin áhrif á stjórnarhætti. Sjóðirnir verða áfram stórir en rúm 90% eigna þeirra eru í samtryggingu og svo er hluti séreignar skilgreind sem lágmarkstryggingavernd. Aðgreining viðbótarlífeyrissparnaðar frá lífeyrissjóðunum mun því fyrst og fremst bitna á neytendum sem munu þá hafa um færri og dýrari kosti að velja.

Hulda fór yfir stöðu ÍL-sjóðs en í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu sjóðsins og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Í framhaldi af tilkynningunni hækkaði ávöxtunarkrafa á markaði og markaðsverð bréfanna í eigu Almenna féll að meðaltali um 12%. Lífeyrissjóðir hafa hafnað viðræðum við ríkið um uppgjör nema að þær miðist við fullt uppgjör samkvæmt skilmálum skuldabréfanna og taki þá tillit til vaxtagreiðslna í framtíðinni. Sjóðirnir hafa fengið ítarleg lögfræðiálit vegna ábyrgðar ríkisjóðs á bréfunum.

Farið var yfir löggjöf um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar en gera má ráð fyrir því að í vor taki heildarlöggjöf um efnið gildi. Starfsfólk sjóðsins hefur unnið að undirbúningi þessara reglna en ljóst er að með þeim eru lagðar auknar skyldur á lífeyrissjóði og fyrirtæki.

Hulda vék því næst að stjórnarstörfunum en stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá apríl 2022 til mars 2023 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál og undirbúa fundi.

Hulda þakkaði meðstjórnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári og þakkaði Ólafi H. Jónssyni og Helgu Jónsdóttur fyrir samstarfið en kjörtímabili þeirra lauk á ársfundinum. Að lokum þakkaði Hulda sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári og starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Huldu fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

2. Ársreikningur 2022 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins tók til máls.

Gunnar upplýsti um að ársreikningur hafi verið birtur á heimasíðu sjóðsins.

Gunnar gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs. Vísaði hann til þess að ársskýrsluna og kynningu væri að finna heimasíðu sjóðsins og fór yfir helstu upplýsingar sem þar væri að finna. Vísaði hann sérstaklega til áritunar endurskoðanda á ársreikningi en hún er án athugasemda.

Gunnar fór yfir helstu tölur úr ársreikningi og fór sérstaklega yfir breytingu á eign sjóðsins á árinu, framlag iðgjalda, lífeyris og fjárfestingatekna í eignabreytingu á árinu 2022.

Helstu tölur úr ársreikningi voru kynntar en þær eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn lækkaði samtals um 1,4 ma. kr. á árinu eða um 0,4% úr 367,0 ma. kr. í 365,6 ma. kr. í lok árs 2022.
- Heildariðgjöld námu 20,1 ma. kr. sem skiptust þannig að iðgjöld í séreignarsjóð námu 11,7 ma.kr. og iðgjöld í samtryggingarsjóð námu 8,4 ma.kr
- Heildariðgjöld hækkuðu um 12% á árinu.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 5,8 ma. kr.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu um 3,7 ma. kr.

Gunnar greindi frá eignum og stærð samtryggingarsjóðs og ávöxtunarleiða sjóðsins og sýndi skiptingu með myndrænum hætti. Þá lýsti hann því að ítarlegar skýringar væri að finna í ársreikningi.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingarfræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Fyrst útskýrði hann stuttlega hvað í tryggingarfræðilegri úttekt fælist.

Þá vék hann að innleiðingu á nýjum líftöflum og þeim áhrifum sem þær hafa á tryggingarfræðilega úttekt. Til upprifjunar var borin saman staðan í árslok 2021 m.v. eldri lífslíkur og nýjar lífslíkur en m.v. þann samanburð lækkaði heildarstaða úr 2,9% í -6,6%. Farið var yfir tryggingafræðilega stöðu í árslok 2022 en áfallin staða var neikvæð um 7,9%, framtíðarstaða neikvæð um 0,1% og heildarstaða neikvæð um 4,7%. Farið var yfir þróun áfallinnar skuldbindingar á árinu 2022 sem jókst um 10,4%.

Gunnar fór yfir hlutdeild kvenkyns sjóðfélaga í iðgjöldum ársins en vægi kvenna eykst jafnt og þétt og hefur farið frá því að vera 29,3% árið 2015 í 35,8% árið 2022.

Gunnar vék því næst að áskorunum og verkefnum framundan í starfsemi sjóðsins en gera má ráð fyrir áframhaldandi sveiflum á mörkuðum. Sjóðurinn hefur gripið til ákveðinna mótvægisáðgerða vegna væntinga um aukið langlífi með aðlögun á réttindum. Farið var yfir breytingar á lögum og reglum á næstu misserum, áætlanir um innleiðingu þeirra og áhrif á sjóðinn.

Að lokum þakkaði hann stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og minntist sérstaklega á þá sem væru að hætta í stjórn og þakkaði þeim gott samstarf. Gunnar þakkaði þá starfsfólki sjóðsins og lauk á því að þakka sjóðfélögum fyrir góð samskipti á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2023, sem var samþykkt undir lok árs 2022. Lýsti hún stuttlega uppsetningu stefnunnar. Fór hún yfir þær breytingar sem hafa orðið á fjárfestingarstefnunni en óverulegar breytingar voru gerðar milli ára.

Kristjana fór yfir þær ávöxtunarleiðir sem í boði eru hjá sjóðnum og lýsti stuttlega mismunandi fjárfestingum hvernar leiðar og hvernig eignasamsetning væri í hlutfalli við fjárfestingarstefnu.

Vék hún því næst að ávöxtun ársins og greindi eftir eignaflokkum en neikvæð ávöxtun var á nánast öllum eignaflokkum á árinu. Kristjana gerði grein fyrir langtímaávöxtun eignasafna sjóðsins sem er almennt góð þrátt fyrir slæma ávöxtun ársins 2022. Farið var yfir raunávöxtun eignasafna sjóðsins sl. þriggja og tíu ára og þróun á mörkuðum sl. 5 ár.

Kristjana gerði grein fyrir því að innlend skuldabréf væri góður kjarni í eignasöfnum sjóðsins og sýndi það með myndrænum hætti. Þá fór hún yfir innlend hlutabréf og sýndi dreifingu hlutabréfanna eftir atvinnugreinum. Auk þess greindi hún frá erlendum eignum sjóðsins og útskýrði áhættudreifingu erlendu eignanna eftir löndum og atvinnugreinum en erlenda hlutabréfasafnið samanstendur af um 5.000 fyrirtækjum í 50 löndum.

68

Þá fór hún yfir áherslur sjóðsins í fjárfestingum er varða samfélagslega ábyrgð en sjóðurinn hefur verið að leggja meiri áherslur á slíkar fjárfestingar. Farið var yfir miklar breytingar í fjárfestingarumhverfinu og auknum kröfum sem settar væru um samræmda upplýsingagjöf og upplýsti um flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy).

Þá fór hún yfir fjárfestingarumhverfið og ávöxtun í mismunandi skuldabréfaflokkum erlendum og innlendum.

Kristjana fór yfir þróun á ávöxtun helstu markaða frá áramótum og upplýsingar um gengi ávöxtunaleiða sjóðsins frá áramótum en á heimasíðu sjóðsins er að finna upplýsingar um gengisþróun á ávöxtunarleiddum sjóðsins.

Kristjana þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir um dagskrárliði eitt til þrjú.

Kristján P. Davíðsson beindi spurningu til Kristjönu sem snýr að því hvenær gert væri ráð fyrir því að sjóðurinn yrði kominn á stefnu í erlendum eignum í samtryggingarsjóði. Kristjana gerði grein fyrir því að gert væri ráð fyrir því að samtryggingarsjóður yrði kominn á stefnu á næstu tveimur til þremur árum.

Fundarstjóri lagði því til að ársreikningur sjóðsins yrði tekinn til afgreiðslu og að það yrði gert með handauppréttingu, var það gert og var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri kvað úr um að ársreikningur hefði verið samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga um breytingar á samþykktum

Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins, tók til máls.

Helgi gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum. Um var að ræða tillögur að breytingum á eftirfarandi ákvæðum:

Tilgreind séreign

- 4.1. gr. Sjóðfélögum boðið að ráðstafa hluta af launum til tilgreindrar séreignar.
- 4.6. gr. (Nýtt ákvæði) Sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða geta ráðstafað hluta af launum til tilgreindrar séreignar hjá Almenna. Útborgunarreglur upprunasjóðs gilda.
- 14.4. gr. (Nýtt ákvæði) Heimild fyrir Almenna að taka við fluttri séreign frá öðrum lífeyrissjóðum/vörsluaðilum.
- 12.2. gr. (Nýtt ákvæði) Útborgunarreglur tilgreindrar séreignar hjá Almenna.

Aðrar breytingar

- 2.1. gr. Tvö ákvæði um hlutverk sjóðsins sameinuð í eitt.
- 6.5. gr. Stjórn skipar varamann í endurskoðunarnefnd.
- 8.4. gr. (Nýtt ákvæði) Stjórn getur breytt samþykktum án þess að bera undir ársfund ef breytingarnar leiða af ófrávikjanlegum ákvæðum laga og reglugerða.
- 8.5. gr. (Nýtt ákvæði) Stjórn skal tilkynna ráðherra um breytingar á samþykktum innan mánaðar frá því þær voru gerðar.
- 27. gr. Breyting á fyrirsögn ákvæðis. Var „Flutningur réttinda til annarra lífeyrissjóða“ en verður „Endurgreiðsla iðgjalda til erlendra ríkisborgara)
- 4.3. og 5.5. gr. Lagt til að vísað verði annars vegar í lög nr. 129/1997 og hins vegar í samþykktir til að gæta að samræmi og skýrleika.

Afleiddar breytingar verða á númeraröð ákvæða gr. 12.2 til 12. 8.

Helgi benti á að tillögurnar væru aðgengilegar með fundargögnum.

Helgi fór yfir hverja breytingatillögu fyrir sig og útskýrði.

Helgi lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Helga fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður um samþykktarbreytingar. Engar spurningar voru bornar upp.

Fundarstjóri bar því næst tillögurnar um breytingar á samþykki fyrir fundinn. Óskaði hann eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um tillögur er vörðuðu tilgreinda séreign með handauppréttingu, var það gert og var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Óskaði fundarstjóri þá eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um aðrar breytingatillögur með handauppréttingu, var það gert og samþykkt samhljóða með öllu greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri kynnti við svo búið næsta dagskrárlið.

5. Kosning stjórnar

Ólafur Jónsson, stjórnarmaður í Almenna lífeyrissjóðnum og formaður kjörnefndar tók til máls.

Hann fór stuttlega yfir framkvæmd rafrænnar kosningar. Fór hann jafnframt yfir skipan kjörnefndar og störf hennar.

Ólafur fór yfir að tvö sæti aðalmanna, sem eru skipuð karlmanni og konu, hefðu verið laus og eitt sæti varamanns, og gat kona verið í framboði. Fram kom að alls 12 framboð sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum hafi komið fram í aðalmannasætin og 4 í sæti varamanns en eingöngu konur gátu boðið sig fram í sæti varamanns. Farið var yfir að kosning hefði hafist á hádegi 22. mars og lokið kl. 16:00 þann 29. mars. Fram kom að 723 sjóðfélagar hafi greitt atkvæði og voru samtals 23.870.517.418 atkvæði af 352.082.869.467 atkvæðum á kjörskrá eða 6,78% heildratkvæðamagns.

Ólafur las þá niðurstöðu í kosningu tveggja aðalmanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins sem er eftirfarandi og las hann listann neðan frá og upp:

Kosning aðalmanns karls:

Frambjóðandi	Hlutfall
Albert Þór Jónsson	28,19%
Kristófer Már Maronsson	18,81%
Oddur Ólason	15,75%
Guðmundur Fylkisson	7,91%
Magnús Davíð Norðdahl	7,84%
Aðalbjörn Þórólfsson	7,36%
Valpór Druzín Halldórsson	4,13%
Jóhann Sveinn Friðleifsson	2,32%
Tóku ekki afstöðu	7,68%

Kosning aðalmanns konu:

Frambjóðandi	Hlutfall
Sigríður Magnúsdóttir	32,56%
Herdís Pála Pálsdóttir	21,94%
Lára Jónasdóttir	20,44%
Sólveig Stefánsdóttir	11,08%
Tóku ekki afstöðu	13,98%

Því næst las Ólafur upp úrslit í varamannakjöri og gerði með sama hætti og áður.

Kosning eins varamanns:

Frambjóðandi	Hlutfall
Sigríður Magnúsdóttir	22,45%
Lára Jónasdóttir	21,37%
Herdís Pála Pálsdóttir	18,13%
Sólveig Stefánsdóttir	14,80%
Tóku ekki afstöðu	23,27%

Ólafur lýsti því Albert Þór Jónsson og Sigríði Magnúsdóttur réttkjörna aðalmenn til stjórnar næstu þrjú árin og Lára Jónasdóttur sem réttkjörinn varamann til stjórnar næstu þrjú árin.

Ólafur óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og frambjóðendum þakkaði hann fyrir þátttöku.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Fundarstjóri bauð nýkjörnum stjórnarmönnum að kynna sig.

Albert og Sigríður komu upp í pontu og þökkud fyrir stuðninginn og kosninguna.

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið.

6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar hefði stjórn sjóðsins lagt til að Ernst & Young ehf. yrðu endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga var borin upp var Ernst og Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2023.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Fundarstjóri kynnti tillögu starfskjaranefndar eins og hún liggur fyrir um stjórnarlaun fyrir árið 2023-2024.

- Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns skuli vera 214 þúsund á mánuði.
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.
- Stjórnarmaður sem stenst hæfnismat FME á undanfögnu starfsári fær tvöföld mánaðarlaun.
- Laun varamanns fyrir hvern setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 214 þúsund og 171 þúsund fyrir setinn fund sem varamaður. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal þó aldrei vera hærri en sem svarar til mánaðarlauna stjórnarmanna.
- Laun til undirnefnda stjórnar (endurskoðunarnefnd, kjörnefnd) taki mið af launum stjórnar og nemi hálfum stjórnarlaunum eða 107 þúsund á mánuði til almennra nefndarmanna og 214 þúsund krónur á mánuði fyrir formenn

Fundarstjóri fór yfir að í tillögunni kæmi fram að laun stjórnarmanna hækkuðu um 8,3% sem væri samsvarandi við hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um þessa tillögur. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum

8. Önnur mál

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir því að fá að kveða sér orðs, svo var ekki.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundaritari gangi frá fundargerð eftir fundinn í samráði við fundarstjóra. Enginn hreyfði við mótmælum og er það því samþykkt.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið kl. 18:40

Samkvæmt yfirliti um lista yfir kjósendur sem mættu til fundarins, mættu alls sjóðfélagar sem fara með 1.837.924.978 atkvæði til fundarins eða 0,52% sjóðfélaga.

Undir fundargerð rita:



Sigríður Ómarsdóttir, fundaritari



Grétar Már Ólafsson, fundarstjóri